

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 510/2018 um sprengiefni og forefni til sprengiefnagerðar.

1. gr.

Í stað viðauka IX við reglugerðina kemur nýr viðauki IX sem birtur er með reglugerð þessari.

2. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari eru innleiddar og öðlast gildi hér á landi eftirtaldir framseldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB):

- a. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/214 frá 30. nóvember 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 að því er varðar að bæta áldufti í skrána yfir forefni sprengiefna í II. viðauka, sem vísað er til í tölulið 12zzq, XV. kafla og tölulið 6 í XXIX. kafla viðauka II við EES-samninginn eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 31. maí 2018. Framselda reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42 frá 28. júní 2018, bls. 139-140.
- b. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/215 frá 30. nóvember 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 að því er varðar að bæta sexvötnuðu magnesíumnítrati í skrána yfir forefni sprengiefna í II. viðauka, sem vísað er til í tölulið 12zzq, XV. kafla og tölulið 6 í XXIX. kafla viðauka II við EES-samninginn eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 31. maí 2018. Framselda reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42 frá 28. júní 2018, bls. 141-142.
- c. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/216 frá 30. nóvember 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 að því er varðar að bæta magnesíumdufti í skrána yfir forefni sprengiefna í II. viðauka, sem vísað er til í tölulið 12zzq, XV. kafla og tölulið 6 í XXIX. kafla viðauka II við EES-samninginn eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 31. maí 2018. Framselda reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42 frá 28. júní 2018, bls. 143-144.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 27. gr. d., 2. mgr. 28. gr. og 40. gr. vopnalaga nr. 16/1998, öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 19. nóvember 2018.

Sigríður Á. Andersen.

Haukur Guðmundsson.

VIÐAUKI IX

Efni, ein og sér eða í blöndum eða í efnum, sem tilkynningarskylda gildir um ef grunsamleg viðskipti eiga sér stað:

Nafn efnis og skráningarnúmer hjá upplýsingaþjónustu um iðefni (CAS-númer)	Kóði sameinaðrar tollnafnaskrár ⁽¹⁾	Númer fyrir blöndur án innihaldsefna (t.d. kvikasilfur, góðmálmar eða sjaldgæfir jarðmálmar eða geislavirk efni) samkvæmt sameinuðu tollnafnaskránni (SN-númer) sem leiðir til flokkunar undir öðru SN-númeri ⁽¹⁾
Hexamín (CAS-nr. 100-97-0)	2921 29 00	3824 90 97
Brennisteinssýra (CAS-nr. 7664-93-9)	2807 00 10	3824 90 97
Aseton (CAS-nr. 67-64-1)	2914 11 00	3824 90 97
Kalíumnítrat (CAS-nr. 7757-79-1)	2834 21 00	3824 90 97
Natríumnítrat (CAS-nr. 7631-99-4)	3102 50 10 (náttúrulegt) 3102 50 90	3824 90 97 3824 90 97
Kalsíumnítrat (CAS-nr. 10124-37-5)	2834 29 80	3824 90 97
Kalsíumammóníumnítrat (CAS-nr. 15245-12-2)	3102 60 00	3824 90 97
Ammóníumnítrat (CAS-nr. 6484-52-2) [í styrkleika sem er a.m.k. 16%, miðað við þyngd, af köfnunarefni úr ammóníumnítrati]	3102 30 10 (í vatnslausu) 3102 30 90 (annað)	3824 90 97 3824 90 97
Ál, <i>púður</i> (CAS-nr. 7429-90-5 ⁽²⁾ ⁽³⁾)	úr 7603 10 00 úr 7603 20 00	
Magnesiumnítrat, sexvatnað (CAS-nr. 13446-18-9)	2834 29 80	3824 90 96
Magnesium, <i>duft</i> (CAS-nr. 7439-95-4) ⁽²⁾ ⁽³⁾	Úr 8104 30 00	

⁽¹⁾ Reglugerð (EB) nr. 948/2009.

⁽²⁾ Með kornastærð sem er minni en 200 µm.

⁽³⁾ Sem efni eða blanda sem inniheldur 70% eða meira, miðað við þyngd, af áli og/eða magnesíum.